

Aðalfundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn í matsal Glerárskóla þann 13.apríl 2016.

Mættir 14 íbúar ásamt stjórninni sem skipa Berglind Rafnsdóttir formaður, Helgi Stefánsson, Sigurður Magnússon og Sigrún Erla Briem. Fjarverandi er Páll Árdal.

Formaður setti fundinn kl.20:00 og bauð fundargesti velkomna. Formaður tilnefndi Sigurð sem fundarstjóra og Sigrúnu sem ritara og samþykktu fundarmenn það.

Fundarstjóri fór yfir efni fundarins sem er skýrsla formanns, kosning nýrrar stjórnar, erindi frá Bjarka Jóhannssyni, nýjum skipulagsstjóra Akureyrarbæjar, opin umræða um hverfið okkar og hvernig nefndin geti unnið fyrir hverfisbúa.

1. Skýrsla formanns.

Formaður byrjaði á að kynna starfandi nefnd og hversu lengi hver og einn hefur setið í nefndinni og fór yfir störf nefndarinnar í vetur. Síðasti aðalfundur var haldinn 15.apríl 2015 og var það 84. fundur nefndarinnar. 8 fundir voru haldnir á tímabilinu, einu sinni í mánuði á þriðjudegi kl.18:15. Erindi frá bæjarbúum á starfsárinu voru 2. Vegna leikvallar í Bakkahlíð og vegna lokunar leikskólans Hlíðarbóls. Nokkur erindi voru send til bæjarins frá nefndinni. Framkvæmdardeild svaraði erindi vegna Bakkahlíðar á þann veg að hverfisnefnd þyrfti að óska eftir skriflegum breytingum og verður það erindi næsta vetrar. Fasteignum Akureyrar var send erindi vegna sparkvallarins við Glerárskóla en því hefur ekki verið svarað. Erindi vegna ljósa við göngustíg meðfram Glerá var send til framkvæmdardeildar en ekki svarað. Akureyrarbær úthlutaði umhverfisstyrk til hverfisnefndarinnar eins og sl. ár og var fjárhæðin 2. millj. Þessum fjármunum var veitt í frisbee völlinn sem er umhverfis Glerárskóla, sérsníðað grill sem sett verður niður í Seljahlíðarreitinn ásamt bekkjum og borðum. Fleiri bekkir og borð koma í Kvenfélagsreitinn með vorinu og styrkur var veittur til Holtakots og fá þau með vorinu hjólagrind, blómsturpotta og bekki til að sitja á innan svæðis leikskólans.

Hverfið okkar er mjög vel staðsett hvað varðar göngustíga, ljós, ruslatunnur, bekki og útivistarsvæði, leiksvæði og ekki mikið fyrir hverfisnefndina að setja á nema eitt og eitt atriði sem koma upp. Þakkaði

formaður gestum fyrir að koma og hvatti þá til að senda inn erindi til hverfisnefndarinnar.

Skýrsla formanns var samþykkt með lófaklappi en engar fyrirspurnir komu fram.

Næst tók við kosning stjórnar. Sigurður Magnússon er að flytja úr hverfinu og hættir því sjálfkrafa og óskar Sigrún Briem eftir að hætta. Inn koma í staðinn Eiríkur K. Aðalsteinsson og Einar Gauti Helgason og eru þeir boðnir velkomnir.

2. Kaffiveitingar

9.bekkur Glerárskóla sá um kaffiborðið og var það veglegt og notaði hverfisnefndin tækifærið til að styrkja þau til skólaferðalags í vor með kaupum á því.

3. Nýtt skipulag á hverfinu

Bjarki Jóhannsson, nýr skipulagsstjóri hjá Akureyrarbæ sat fyrir svörum um skipulagsbreytingar á bænum okkar og fór hann sérstaklega vel yfir hverfið okkar. Frábær kynning hjá honum og samstarfsmanni hans frá Akureyrarbæ.

4. Önnur mál

Áður en þessum lið var hrint af stað sagði Berglind frá fundi sem hún sat ásamt Loga Má og fleirum frá Akureyrarbæ þar sem erindið var lokun leikskólans Hlíðarból.

Staðreyndin er sú að í hverfinu eru 2 leikskólar. Holtakot er í þverholtinu og eru 11 starfsmenn og 36 börn þar, haustið 2015 og Hlíðarból, sem er rekinn af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri en Akureyrarbær hefur styrkt.

Akureyrarbær ætlar að segja upp leigusamning húsnæðis að Hlíðarbóli. Þeir hafa 3 mánaða uppsagnarfrest sem þeir ætla að nýta sér í apríl 2017 og mun þá leikskólinn loka þegar sumarfrí hefst í júlí 2017. Þeir koma með tilkynningu þess efnis með 17 mánaða fyrirvara. Öll börn sem á Hlíðarbóli eru geta fengið leikskólapláss á öðrum leikskólum Akureyrarbæjar. Haustið 2015 voru 48 börn og 18 starfsmenn. Í dag eru 40 börn. 7 af þeim fara í skóla í haust, 14 börn eru ekki úr hverfinu og eftir standa 19 börn sem nýta sér plássið sem hverfisleikskóli. Sparnaður Akureyrarbæjar mun nema um 50 milljónir við þessa uppsögn skv.þeim sem kynntu málið fyrir foreldrum.

Sunnubóli hefur einnig verið sagt upp samningi um leiguhúsnæði og lokun tilkynnt þegar sumarfrí 2016 kemur. Þar er búið að koma öllum börnum fyrir á öðrum leikskólum og ætlar allt starfsfólk að klára vinnu sína þar til lokað verður.

Því er sagt upp í kjölfar lokunar. Fjöldi starfsmanna 20 og börn 58, haust 2015. En það er annað hverfi sem hefur annan leikskóla.

Aðalumræðan fellst ekki í að ekki sé leikskólaláss fyrir börnin heldur hvernig verður hverfið okkar ef ekki er leikskóli?

Hvaða augum líta nýjir íbúar á hverfið ef ekki er leikskóli ?

Til að koma til móts við þessar spurningar hefur Akureyrarbær velt því fyrir sér að gera nýjan/viðbættan leikskóla við Glerárskóla á næstu tveimur til þremur árum.

Foreldri tveggja barna á þessum leikskóla tekur til máls og er mjög ósátt og finnst lífsgæði vera að skerðast með þessu og hefur áhyggjur af því hvað verður um Glerárskóla ef ekki verður áhugaverður kostur fyrir foreldra að flytja í Holta- og Hlíðahverfið ef enginn er hverfisleikskólinn. Þetta er mikið hitamál hjá foreldrum þeirra barna sem eru nú á leikskólanum.

Önnur mál þ.e. atriði sem fundargestir vilja breyta og/bæta.

- 1.vantar skilti hjá Glerárskóla sem segir „Drepa á bílnum“
- 2.Vantar skilti við skarðshlíðarhringinn sem segir „börn að leik“
3. Mála gangbraut frá strætóstöð hjá Sunnuhlíð verslunarmiðstöð.
4. Skilti við Skarðshlíð T-skilti sem sýnir að framundan er botngata.
5. Snjómokstur við Stafholt/ Langholt, hættulegt ástand.
6. Vantar körfuboltaspjald við Glerárskóla
- 7.Enn verið að keyra ökustíg við Lyngholt meðfram ánni.

Aðalfundi hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis var slitið um 21:45 með þökkum fundastjóra fyrir komuna. Fundargestir voru hvattir til að sitja örlítið lengur og ræða málin og fá sér meira kaffi.

Ritað, Glerárskóli 13.apríl 2016.
Sigrún Briem